

## *Minnisatriði vegna Lauga*

1. Tryggja þarf að Bergljót Soffía Kristjánsdóttir eigi kost á þeim sekúndulítrum sem hún á rétt á skv. fyrri samningum og þá jafnframt að vatn sem hún fær sé jafnheitt og það sem kemur beint upp úr borholunni.
2. Tryggja þarf að gengið sé frá að lóð undir Laugafelli sé að hálfu í eigu BSK.
3. Kanna þarf hvort afmarkað svæði undir gömlu sundlauginni og kringum hana sem Jón Bjarnason afhenti Ungmennafélaginu til afnota gegn því að það legði vatn í gamla torfbæinn, er ekki enn í eigu Ungmennafélagsins, ekki sveitarfélagsins. BSK hefur aldrei verið látin vita af annarri skipan mála og hafi Ungmennafélagið afhent sveitarfélaginu lóðina gerir BSK kröfu til helmings hennar.
4. Tryggja þarf að hálf lóð undir húsi Laxmanna sé í eigu Loga Kristjánssonar.
5. Tryggja þarf að gerð sé grein fyrir vatnslögnum í hús Laxmanna og að þær haldist eins og þær eru.
6. BSK fer fram á að fá afrit af sölusamningi Olgu Þórhallsdóttur og Dalabyggðar.
7. BSK fer fram á að sumarbústaðalóðum sé skipt áður en jörðin er seld og hún fái þá m.a. í sinn hlut lóðir nr. 13 og 14.